
Minnisblað

Viðtakandi: **Viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi: **Efnahags- og viðskiptaráðuneytið**
Dagsetning: **10.12.2009**
Málsnúmer: **EVR09100102**
Bréfalykill: **3.1**

Efni: **Frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta**

Inngangur

Í minnisblaði þessu er fjallað um þær athugasemdir sem komu fram á fundi viðskiptanefndar Alþingis 9. des. s.l. um frumvarp til laga um innstæðutryggingar. Fjallað er um þær spurningar sem nefndarmenn báru upp en einnig fjallað um athugasemdir sem komu fram á fundinum frá Seðlabanka Íslands og Samtökum fjármálafyrirtækja. Þau atriði sem fjallað er um eru tekin fyrir í þeirri röð sem þau koma fram í frumvarpinu.

Sérstaklega var óskað eftir umfjöllun um það hvaða ákvæði frumvarpsins eru tilkomin vegna bankahrunsins og hvaða atriði leiðir af tilskipun ESB um innstæðutryggingar. Þau ákvæði sem segja má að feli beint í sér innleiðingu á ákvæðum tilskipunarinnar eru 7. gr. um hvernig greiðsluskylda sjóðsins verður virk, 9. gr. um innra öryggi, 11. gr. og 12. gr. um vanskil á greiðslu iðgjalds og greiðslufyrirkomulag, 13. gr. um útreikning á tryggðri innstæðu, 14. gr. um takmarkanir á tryggingavernd og 15. gr. um fresti. Samsvarandi ákvæði sem gilda um verðbréfadeild sjóðsins eru 17. gr., 19. gr., 20. gr. 21.gr., 22. gr. og 23. gr. Auk þess byggja ákvæði 24. gr. um erlend útibú og 26. gr. um upplýsingagjöf við viðskiptamanna á þeim tilskipunum sem Ísland hefur tekið upp um innstæðutryggingar og bótakerfi fyrir fjárfesta.

Vinnunefnd ESB um innstæðutryggingar

Ísland hefur fylgst með þeirri endurskoðun á innstæðutryggingarkerfinu sem fer fram á vegum ESB. Ráðuneytið á áheyrnarfulltrúa í vinnuhópi á vegum Evrópusambandsins sem fjallar um innstæðutryggingakerfið (Working Group on Deposit Guarantee Schemes) og sat fund vinnuhópsins sem fram fór þann 9. nóvember s.l. og hefur verið boðað til næsta fundar í byrjun febrúar 2010.

Enn eru mörg atriði tengd innstæðutryggingum óútkljáð. Vinnuhópurinn hefur rætt um og framkvæmdastjórnin mun taka ákvörðun um hvort hámarkstrygging innstæðna verði hækkuð í 100.000 €. Á fundi vinnunefndarinnar í október gerðu aðildarlöndin grein fyrir viðhorfum sínum til tryggingaverndarinnar og var meiri hluti aðildarlandanna hlynntur því að halda sig við 100.000 €. Virtist afstaða nokkurra aðildarlandanna ráðast af því að þegar væri búið að innleiða þá fjárhæð eða a.m.k. búið að tilkynna um hana. Það kynni því að draga úr trausti innlánseigenda á tryggingakerfinu ef ekki yrði af þessum fyrirætlunum. Þá er rétt að geta þess að nokkur andstaða var við samræmda hámarkstryggingafjárhæð; einkum frá þeim ríkjum þar sem eru við lýði svokölluð „frjáls tryggingakerfi“ (e. voluntary DGS schemes). Þá má geta þess að Noregur hefur barist fyrir því að fá undanþágu eða aðlögunartíma frá hámarkstryggingafjárhæðinni þar sem norska tryggingakerfið býður upp á mun hærrí tryggingu. Eins og getið er hér að framan og eins í frumvarpinu á eftir að taka formlega ákvörðun innan ESB um hvort staðið verði við áætlanir um að hækka tryggingaverndina í 100.000 € eða hvort bráðabirgðafjárhæðin, 50.000 €, verði látin nægja, en frumvarpið miðar við þá fjárhæð.

Auk hámarksins eru þau atriði sem helst eru til skoðunar í vinnunefndinni þessi: skilgreining á innstæðum, hlutverk tryggingasjóða, fjármögnun og greiðslufyrirkomulag úr sjóðunum. Hvaða varðar skilgreiningu á innstæðu er ekki full sátt á meðal nefndarmanna. Ræðst afstaða mann nokkuð af því hvaða „fjármálavörur“ njóta vinsælda heima fyrir. Sumir nefndarmenn vilja alls enga samræmda skilgreiningu á innstæðum því þá sé hættu á því að nýjar afurðir lendi utan tryggingakerfis. Er erfitt á þessari stundu að átta sig á hver verði niðurstaðan hvað þetta varðar. Hlutverk og verkefni tryggingasjóða er mismunandi á milli landa. Í 13 aðildarlöndum ESB hafa þeir víðtækara hlutverk en að vera aðeins hreinn tryggingasjóður. Verkefni þessi eru hins vegar mjög mismunandi, allt frá því að veita innlánsstofnun í erfiðleikum lán til þess að taka yfir innlánsstofnanir og leiða skipti til lykta. Þá hefur fjármögnun innstæðutryggingakerfa verið mismunandi á milli aðildarlandanna. Meðal fulltrúa í vinnunefndinni virðast flestir hallast að einhvers konar blandaðri leið fjármögnunar, svipað og ráð er fyrir gert í frumvarpi efnahags- og viðskiptaráðherra, þ.e. fyrirframfjármögnun með möguleika á auknu iðgjaldi eða lántöku ef á þarf að halda. Þeir sem tjáðu sig um áhættuvegið iðgjald voru allir hlynntir slíku. Lítil áhugi virtist hins vegar á samræmdum reglum um fjármögnun. Greiðslur úr tryggingakerfinu hafa verið nokkuð til umræðu, sem sést best á þeirri breytingatilskipun sem gefin var út s.l. vetur. Þrátt fyrir áhuga nokkurra aðildarlanda á að stytta greiðslufresti enn frekar virðast flestir sem tjáðu sig um það efni andvígir slíku. Hér togast á metnaður sumra aðildarlanda til þess að standa jafn hratt að greiðslum og bandaríska tryggingakerfið og sjónarmið þeirra sem vilja ekki taka óþarfa áhættu á mistökum við greiðslu.

Skiljanlega hefur Ísland áhuga á því hvort líkindi séu til að settur verði á laggirnar samevrópskur tryggingasjóður. Ekki er hægt að draga neinar ályktanir í þá átt eftir fundi vinnunefndarinnar. Virðist sem ESB stefni frekar að endurskoðun á tryggingakerfi fyrir fjárfesta og að setja upp tryggingakerfi fyrir váttryggingartaka/váttryggða. Miðað við mismunandi skoðanir og áherslur varðandi núverandi tryggingakerfi virðist samevrópskur tryggingarsjóður fjarlægur draumur. Einn sameiginlegur tryggingasjóður mundi kalla á algjöra samræmingu reglna (e. total harmonisation) og að aðildarlöndin þyrftu að leggja niður sín tryggingakerfi eða þau að renna inn í sjóðinn með tilheyrandi vandamálum við uppgjör og mat eigna.

Komi hins vegar til þess að settur verði á laggirnar samevrópskur tryggingasjóður sem tryggi innstæður óháð því hvaða aðildarríki hefur gefið út starfsleyfi innlánsstofnunar og óháð því hvaða eftirlitsstjórnvald hefur eftirlit með viðkomandi innlánsstofnun, er það mat ráðuneytisins að slíkum sjóði yrði tryggt "hreint borð" í upphafi, sbr. það sem að ofan segir um uppgjör og mat eldri sjóða og skuldbindinga þeirra. Það er því harla ólíklegt að unnt væri að gera slíkum sjóði að standa undir skuldbindingum sem fallið kunna að hafa á einstaka tryggingasjóði áður en hann tekur til starfa, þ.m.t. skuldbindingar þess íslenska.

Atriði sem rædd voru sérstaklega á fundi viðskiptanefndar

Fram kom hvort fulltrúar ráðuneytisins gætu frætt nefndina um viljayfirlýsingu breska tryggingasjóðsins um samstarf við þann íslenska. Fulltrúar ráðuneytisins búa ekki yfir upplýsingum um þetta atriði en vísa til þess að TIF hefur verið boðið á fund nefndarinnar.

Að því er varðar samstarf Seðlabanka Íslands og FME er í frumvarpinu lagt til að stórauka upplýsingagjöf og eftirlit með innlánsstofnunum og fyrirtækjum í verðbréfabjónustu. Ekki var talið rétt að Tryggingarsjóður hefði eitthvers konar eftirlitshlutverk gagnvart innlánsstofnunum þar sem hlutverk sjóðsins er fyrst og fremst að innheimta iðgjöld og annast stjórnsýslu sjóðsins og gæta þannig hagsmuna innstæðueiganda. FME er falið að fara með eftirlit með sjóðnum en einnig fer FME með eftirlit með innlánsstofnunum og fyrirtækjum í verðbréfabjónustu samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Ráðuneytið gerir sér hins vegar fulla grein fyrir því að í nokkrum aðildarríkjum ESB hafa systurstofnanir TIF víðtækara hlutverk, m.a. hluta af því eftirliti sem Fjármálaeftirlitið hefur með höndum hér á landi eða verkefnum seðlabanka (lánveitingar).

Athugasemdir við einstakar greinar

2. gr. - hugtakið „innstæða“:

- Peningamarkaðsinnlán. Það er megineinkenni innstæðna að banki móttekur fjármuni frá viðskiptavini í því skyni að endurlána þá eða nýta til fjárfestinga. Annað einkenni innstæðna er að

innlánsstofnun er skylt að greiða viðskiptavinum innstæðuna að hluta eða að öllu leyti, að kröfu viðskiptamanns, t.d. í formi ávísunar, útborgunar í peningum eða samkvæmt millifærslubeiðni. Þessi tvö atriði greina innstæðu frá lánveitingu. Þegar um lánveitingu er að ræða er bæði gjalddagi yfirleitt fyrirfram ákveðinn og greiðslustaður hjá viðkomandi kröfuhafa (lánastofnun). Litið er svo á að lánveiting eins og sú sem felst í „peningamarkaðsinnlánnum“ (e. fixed deposits) teljist ekki til innstæðu þrátt fyrir að gerningurinn beri keim af því. Átt er við samning sem felur í sér að ákveðnar fjárhæðir eru lagðar inn á bankareikning í fyrirfram ákveðinn tíma. Sama upphæð er síðan endurgreidd í einu lagi að viðbættum fyrirfram ákveðnum vöxtum og gjalddaga. Hafa verður í huga að slík samningsform hafa verið kynnt og beitt sem skammtímafjármögnun/-fjárfesting af hálfu innlánsstofnana. Þessi viðskipti standa ekki öllum viðskiptavinum innlánsstofnana til boða og eru ekki kynnt sem almennur bankareikningur eða sparnaðarform af hálfu innlánsstofnana heldur sem fjárfestingarkostur. Benda má á að í hugmyndafræðinni að baki innlánatryggingakerfi liggur sjónarmið um viðtæka neytendavernd. Peningamarkaðsinnlán hafa ekki staðið hinum almenna neytanda til boða. Vissulega felur tilskipunin í sér heimild að undanskilja stærra fjárfesta, stofnanir og fyrirtæki frá tryggingarvernd en þar er t.d. ekki að finna heimild til þess að undanskilja fagfjárfesta en einmitt má hugsa sé að þeir notfæri sér þennan fjárfestingarkost. Með hliðsjón af þessu er hugtakið innstæða skilgreind sem innstæða vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi en ekki er litið svo á að peningamarkaðsinnlán séu þáttur í hefðbundinni almennri bankastarfsemi, einkum vegna þess hve möguleikar almennings til þess að notfæra sér slíkar ávöxtunarleiðir eru takmarkaðir.

- Safnreikningar. Inneign á safnreikningum telst ekki til innstæðu samkvæmt frumvarpinu en t.d. er átt við reikninga sem stofnaðir hafa verið vegna séreignarlífeyrissparnaðar. Ýmis fjármálafyrirtæki s.s. bankar og sparisjóðir auk lífeyrissjóða hafa boðið upp á slíkan sparnað. Í daglegu tali hefur sparnaður þessi verið nefndur séreignarsparnaður eða viðbótarlífeyrissparnaður. Lífeyrissparnaður getur hvort heldur sem er farið inn á bundinn reikning eða til kaupa á sérstakri sparnaðartryggingu. Banki getur þannig, svo dæmi sé tekið, boðið upp á bundinn innlánsreikning og verðbréfafyrirtæki stofnað verðbréfasjóð vegna slíks sparnaðar. Við ákvörðun um það hvort sparnaður sem þessi sé varinn af Tryggingarsjóði innstæðueigenda þarf að huga sérstaklega að því hvað felst í „almennri hefðbundinni bankastarfsemi“ og að því hvaða aðili fer með vörslu slíks sparnaðar. Samkvæmt frumvarpi þessu er innlánsstofnunum og fyrirtækjum í verðbréfabjónustu gert skylt að greiða iðgjald til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Þar af leiðir að einungis reikningar eða innstæður hjá þeim sem iðgjaldsskyldu hafa geta notið tryggingarverndar sjóðsins. Því er gefin sú leiðbeiningarregla að þegar séreignarsparnaður er á sérstökum innlánsreikningi (lífeyrisbók) hjá iðgjaldsskyldum aðila þá er slíkur sparnaður varinn af Tryggingarsjóði. Þegar hins vegar séreignarsparnaður er ávaxtaður í sjóðum bankastofnana ræðst verðmæti þeirra af undirliggjandi eignum viðkomandi sjóða og er því í slíkum tilvikum markaðsverðmæti þeirra ekki varið af Tryggingarsjóði. Ekki er lagt til að inneign á slíkum safnreikningum sé tryggð sérstaklega en umræddum fjármálafyrirtækjum ber að sjálfsoðu að gera viðskiptamönnum sínum grein fyrir því hvort og að hve miklu leyti inneign þeirra nýtur verndar sjóðsins og má í því sambandi hafa sjónarmið um samkeppni í huga þegar viðskiptavinur tekur ákvörðun um söfnun séreignarsparnaðar.

4. gr. - stjórn TIF.

Í 4. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að stjórnarmenn skuli uppfylla óhæðis- og hæfisreglur laga um fjármálafyrirtæki og að stjórn sé skipuð án tilnefningar. Það er til marks um þá stefnubreytingu frá gildandi lögum að sjóðurinn sé ekki háður þeim fyrirtækjum sem borga iðgjöld til sjóðsins. Hæfisskilyrði um stjórnarmenn mundu því fylgja þeim breytingum sem kynnu að verða gerð á ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki.

8. gr. - lán.

Ákvæði 8. gr. frumvarpsins um lán á milli deilda er tekið lítillga breytt úr gildandi lögum. Eins og skýrt er í athugasemdum er úrræðið hugsað sem skammtímalausn og eru sett takmörk við fjárhæð þess, þar sem eign verðbréfadeildar er fyrirfram ákveðin í lögnum. Í tilskipunum um innlánatryggingakerfi eru ekki ákvæði um lántökur eða lánveitingar tryggingakerfisins.

6. gr. - rekstrarkostnaður.

Hingað til hefur rekstrarkostnaður sjóðsins verið greiddur í hlutfalli við eignir í sjóðsdeildunum og er ekki lögð til breyting á því. Ákvæðið er sett fram á þennan hátt þar sem það er sjóðurinn sjálfur sem lögaðili, sem ber ábyrgð og kostnað af rekstri sínum ekki ríkið eða aðrir aðilar. Vissulega mætti í samþykktum sjóðsins kveða á um að rekstur sé greiddur í hlutfalli við inneign eða kostnað af deild.

10. gr. - iðgjöld og gjalddagar.

Tilskipanir ESB um innlánatryggingakerfi tilgreina ekki fyrirkomulag iðgjaldsgreiðslna og er fjármögnun tryggingarsjóða háttað á mismunandi veg innan aðildarríkjanna. Efnahags- og viðskiptaráðuneytið fékk Benedikt Jóhannesson, tryggingastærðfræðing, til að meta hver væri nauðsynleg lágmarksstærð tryggingarsjóðs innstæðueigenda, ætti sjóðurinn að geta sinnt hlutverki sínu. Í skýrslu hans er lagt til að viðbótariðgjald verði lagt á innlánsstofnanir ef hlutdeild þeirra (markaðshlutdeild) af heildar tryggðum innstæðum fer yfir 25% og eins er lagt til viðbótariðgjald ef hlutfall innstæðna viðkomandi innlánsstofnana á móti óveðsettum eignum fer niður fyrir tiltekin mörk. Með tillögu um breytingar í þessa veru er markmiðið það að iðgjöld til sjóðsins endurspegli sem best þá áhættu sem til staðar er hverju sinni. Ljóst er að því stærra sem innlánaafnið verður þess meiri áhætta fyrir sjóðinn vegna samþjöppunar áhættu.

Niðurstaða ráðuneytisins eftir að hafa ráðfært sig við hagsmunaaðila er sú að nægilegt sé að hafa gjalddaga iðgjalda ársfjórðungslega. Slíkt fyrirkomulag tryggir stöðugt eftirlit með innlánsstöfnun innlánsstofnana og að jafnóðum sé greitt iðgjald af þeim innstæðum sem lagðar eru inn. Talið var að mánaðarlegir gjalddagar gætu verið of íþyngjandi og leiða til of mikils kostnaðarauka í formi rekstrarkostnaðar, bæði fyrir innlánsstofnanir sem og tryggingasjóð. Ekki er tekin afstaða til þess hvort þeir gjalddagar sem lagðir eru til í frumvarpinu rými illa við skýrsluskiladaga innlánsstofnana; þeir taka mið af hefðbundnum ársfjórðungum. Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við að hliðra þeim til um einn mánuð til eða frá ef slíkt þykir hentugra vegna skýrslugjafar og þeirra útreikninga sem þurfa að liggja fyrir til þess að áætla megi upphæð iðgjalda.

Eins og gerð var grein fyrir í viðskiptanefnd kann að þurfa að tiltaka önnur viðmið en gert er í 3. mgr. 10. gr. (áhættuvegið iðgjald). Barst ábending þess efnis frá Seðlabanka Íslands eftir að frumvarpið fór fyrir ríkisstjórn. Beðið er tillögu bankans.

12. gr. - greiðslufyrirkomulag.

Í greininni er að finna ákvæði sem heimilar annars vegar skuldajöfnun og hins vegar að miða útgreiðslu í samræmi við þá skilmála sem gilda um innstæðu. Umræddum heimildum var bætt við gildandi lög með setningu neyðarlaganna s.l. haust. Vakin er athygli á að hér er um að ræða heimild en ekki skyldu og leiðir af tilskipun ESB að ríkjum sé heimilt að styðjast við þær reglur landslaga sem lúta að skuldajöfnuði og skilmálum innstæðna við útreikning á upphæð til endurgreiðslu.

14. gr. - undanþágur frá tryggingavernd.

Lagt er til að fjölgað verði þeim innstæðum sem ekki njóta verndar en af því leiðir að ekki er greitt iðgjald vegna þeirra innstæðna. Ljóst er því að eftir því sem innstæður fleiri aðila eru undanþegnar mun taka lengri tíma fyrir sjóðinn að ná lágmarksstærð. Þótti eðlilegt að undanskilja opinbera aðila svo sem ríki og sveitarfélög sem og innstæður innlánsfyrirtækjanna sjálfra. Í 5. tl. er tekið fram að innstæður í eigu rekstrarfélaga verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu séu undanþegnar tryggingavernd. Er þar átt við innstæður umræddra félaga en ekki eignir hlutdeildarskírteinishafa sem hafa lagt fé til fjárfestingar hjá viðkomandi sjóðum. Að því er varðar 6. og 7. tl. um innstæður framkvæmdastjóra og lykilstjórnanda er bent á að hjá flestum fyrirtækjum liggur ljóst fyrir hvaða aðili er framkvæmdastjóri og er hugtakið lykilstjórnandi sérstaklega skilgreint í 8. tl. 2. gr. frumvarpsins. Sé slíkt nægilega rökstutt af hálfu SFF, er það ráðuneytinu að meinalausu að þessir töluliðir verði felldir brott. Talið var rétt að undanþiggja innstæður sem ekki eru skráðar á nafn í 9. tl. Í lögum um fjármálafyrirtæki er í 113. gr. gerð krafa um nafnskráningu reikninga. Þau lög eru frá árinu 2002 en ekki er hægt að útiloka að til séu á innlánsreikningum innstæður, t.d. frá því áður en kennitölur voru teknar upp sem ekki eru skráðar á nafn. Þrátt fyrir kröfur um áreiðanleikakönnun viðskiptamanna í lögum um aðgerðir um peningabætti er rétt að vekja athygli á

Því að þau lög tóku gildi árið 2006.

Litið er svo á að innstæður váttryggingafélaga og innstæður lífeyris- og eftirlaunasjóða séu þess eðlis, en um er að ræða fyrirtæki og stofnanir sem starfa í þágu og ávaxta fé almennings, að rétt sé að þær njóti verndar. Að því er varðar innstæður þeirra sem hafa notið óeðlilegrar fyrirgreiðslu í formi vaxta eða annars fjárhagslegs ávinnings og innstæður félaga sem eru af þeirri stærð að þeim er óheimilt að semja styttn ársreikning, var litið svo á að sú hámarkstryggingavernd sem lögð er til í frumvarpinu væri ekki það há að réttlætti þann kostnaðarauka sem hlytist af því að sérgreina og áætla innstæður þeirra aðila sem þarna er um að ræða. Ljóst er að mjög fyrirhafnarmikið getur orðið að skera úr um hvort viðkomandi aðilar uppfylli skilyrðin eða ekki. Að því er varðar innstæður í öðrum gjaldmiðli en gjaldmiðlum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins var litið svo á að það fæli í sér brot á almennri jafnræðisreglu að undanþiggja þær þar sem það myndi leiða til þess að gjaldeyrisreikningar sem eru algengir hér landi, t.d. í bandarískum dollurum eða japönsku jeni væru undanþegnir vernd.

24. gr. - sérreglur um erlend útibú.

Meginreglan er sú að þegar um er að ræða útibú innlánsstofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu þá greiðir útibúið iðgjald til innlánatryggingakerfis í sínu heimaríki. Á sama hátt greiða útibú íslenskra innlánsstofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu sem eru staðsett í einhverju aðildarríkjana til hins íslenska tryggingarsjóðs. Hins vegar skulu útibú sem eru staðsett hér landi en eru í eigu innlánsstofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu utan aðildarríkjana greiða iðgjöld til sjóðsins hér á landi.

27. gr. - fjárfestingarstefna.

Aðstæður á mörkuðum ráða mestu um hvernig tekst að ávaxta fé tryggingarsjóðs. Til þess að stjórn sjóðsins geti brugðist við mismunandi aðstæðu er talið rétt að fastsetja ekki í lögum hver skuli vera fjárfestingarstefna hans. Á ársfundi gefst tækifæri til þess að gera athugasemdir við og hafa áhrif á fjárfestingarstefnu sjóðsins. Í gildandi reglugerð um innstæðutryggingar er kveðið á um að minnst fjórðungur af stærð sjóðsins skuli bundinn í verðbréfum með ábyrgð ríkissjóðs. Eins og fyrr segir er ekki talið rétt að löggjafinn hlutist til um fjárfestingarstefnu sjóðsins en það kann t.d. að vera að fjárfestingar erlendis komi til með að koma sjóðnum best til góða.

Bráðabirgðaákvæði I.

Það kann að vera erfiðleikum háð fyrir aðila sem eru nýir á markaðnum að greiða iðgjöld til sjóðsins í fyrsta skipti en rétt er að vekja athygli á að ekki er um að ræða tvöfalda innheimtu. Það er annars vegar verið að mæla fyrir um iðgjald vegna ársins 2009 samkvæmt almennum reglum sem hafa verið í gildi fram til þessa og má gera ráð fyrir að innlánsstofnanir hafi þegar gert ráð fyrir viðkomandi útgjöldum í sínum áætlunum en hins vegar eru um að ræða innheimtu vegna fyrstu þriggja mánuða ársins samkvæmt þeim nýju reglum sem eru settar fram í frumvarpinu. Heildargreiðslubyrði innlánsstofnana á fyrsta ári (2010) verður 0,375%, þ.e. 3 X 0,075 auk iðgjalds vegna 2009, en árlegt iðgjald eftir það verður 0,3%. Er því vísað á bug að bráðabirgðaákvæði þetta geti talist verulega íþyngjandi fyrir innlánsstofnanir.

Bráðabirgðaákvæði II.

Vakin er athygli á að Tryggingarsjóður sparissjóðanna, þrátt fyrir heiti sitt, tryggir ekki innstæður hjá sparissjóðunum heldur er hann svokallaður öryggissjóður sem hefur það hlutverk að styrkja sparissjóðina t.d. með því að veita lán til þeirra sem eiga aðild að viðkomandi sjóði, yfirtaka eignir, ganga í ábyrgðir og bæta þeim tap eða kostnað sem þau verða fyrir. Fram kom hjá fulltrúum SFF á fundi viðskiptanefndar að óskað væri eftir því að lengri aðlögunarfrestur gæfist til að vinna ofan af sjóðnum. Er það ráðuneytinu að meinalausu að sjóðurinn fái til loka fyrsta ársfjórðungs 2010 að ljúka hlutverki sínu.

